

1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Veitustofnanir Hveragerðis nr. 452, 14. desember 1992.

*Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1994.*

F. h. r.  
**Árni Þ. Árnason.**

---

*Steinunn Bjarmann.*

Nr. 277

19. maí 1994

## GJALDSKRÁ

### Veitustofnana Hveragerðis.

#### A-hluti.

##### 1. gr. Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Veitustofnana Hveragerðis (VSH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns, heits vatns og jarðgufu sbr. reglugerð fyrir VSH nr. 276/1994.

#### Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

**A-HLUTA** sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði VSH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitaveitistöxtum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

**B-HLUTA** sem sýnir gildandi verð fyrir raforku, heitt vatn eða jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

##### 2. gr. Raforkugjöld.

#### 2.1 Almenn raforkunotkun

Almennir taxtar skiptast í tvo þætti, orkugjald og fast gjald:

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mældu orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á orku.

Hjá notendum á almennum taxta er að jafnaði lesið á mæla tvisvar sinnum á ári.

#### A.1 Almenn notkun

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna raforkunotkun.

#### A.2 Skammtímanotkun

Taxti A.2 gildir fyrir rafmagn til skammtímanotkunar svo sem til mannvirkja-gerðar.

#### A.3 Heimilisnotkun

Taxti A.3 gildir fyrir rafmagn til allrar heimilisnotkunar.

#### 2.2 Afl- og orkunotkun

Afltaxtar eru tveir, taxti B.1 fyrir alla almenna orkusölu og taxti B.2 fyrir útilýsingu.

## B.1 Afl- og orkumæling

Taxti B.1 gildir fyrir rafmagnsnotkun til meiri háttar vélanotkunar. Orkukaupanda er heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxa og afltaxta.

Taxti B.1 skiptist í þrjá þætti, orkugjald, aflgjald og fastgjald.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mældu orkueiningu.

Aflgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir hverja mældu afleiningu.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á afl og orku.

Afl er reiknað á ársgrundvelli og greiðir notandinn fyrir meðaltal fjögurra hæstu afltoppa á árinu. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Lesið er mánaðarlega á aflmæla. Meðaltal fjögurra hæstu mánaðartoppa er síðan fært sem afltoppur ársins.

Sammæla má raforku til órofinnar iðnaðarhitunar og vélanotkunar.

Notendum, sem greiða fyrir 50 kW afl eða meira er heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxa sé hún öll keypt um sömu heimtaug.

Notandi greiðir mánaðarlega fyrir orkunotkun (kWh) síðasta tímabils (mánaðar) samkvæmt álestri. Jafnframt greiðir hann inn á áætlaðann afltopp ársins (kW). Áætlunin byggist á meðaltali fjögurra hæstu mánaðartoppa, sem mældust á yfirstandandi ári. Reynist meðaltal mældra fjögurra hæstu toppa annað en hinn áætlaði afltoppur þá greiðir notandinn mismuninn sé afltoppurinn hærri en VSH endurgreiða mismunin sé hann lægri.

## B.2 Götulýsing

Taxti B.2 gildir fyrir alla götulýsingu. Rof tími er breytilegur og fylgir dagsbirtu.

Taxti B.2 skiptist í tvo þætti, aflgjald og viðhaldsgjald:

Aflgjald (kr/kW/ár) er gjald fyrir aflnotkun ljósabúnaðar.

Viðhaldsgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir þá þjónustu sem VSH veita, vegna viðhalds og eftirlits á viðkomandi búnaði.

## B.3 Notkun til hitunar

C-taxtar gilda fyrir rofna orkuafhendingu að fráskildum taxa C.1. Sala rafmagns samkvæmt C-töxtum er bundin því skilyrði að veitukerfið þoli álagið að dómi VSH.

Öll tæki og búnaður skulu vera fasttengd. Ekki er heimilt að hafa tengla í húsveitum þar sem notkun greiðist samkvæmt C-töxtum.

Rafmagn til húshitunar ber 14% virðisaukaskatt.

## C.1 Órofin hitun

Taxti C.1 gildir fyrir órofna húshitun. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

## C.2 Rofin hitun

Taxti C.2 gildir fyrir rofna húshitun. Rafmagn samkvæmt taxa C.2 er rofið tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti. Rofið er á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.30 og frá kl. 17.00 til kl. 19.30.

## C.3 Næturorkunotkun

Taxti C.3 gildir fyrir rafmagn notað að nóttu til.

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt 12 klukkustundum á sólarhring á tímabilinu kl. 09.00 til 21.00.

## 2.4 Aðrir Raforkutaxtar

D-taxtar gilda fyrir sumarnotkun og notkun á yfirafli.

## D.1 Sumarnotkun

Taxti D.1 gildir fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lámarksaflgjald miðast við 75 kW á mánuði.

Taxti D.1 skiptist í þrjá þætti, orkugjald, aflgjald og fastgjald.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja melda orkueiningu.

Aflgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir hverja melda afleiningu.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á afl og orku.

Afl er reiknað á ársgrundvelli og greiðir notandinn fyrir meðaltal fjögurra hæsta afltoppa (kW) á árinu. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

## D.2 Gardyrkjulýsing

Taxti D.2 gildir fyrir ræktunarlýsingu í gróðurhúsum:

Taxti D.2 skiptist í þrjá þætti, orkugjald, aflgjald og fastgjald.

Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja melda orkueiningu. Verðlagning orkugjaldsins er tvískipt, annars vegar vetrargjald sem gildir frá og með 1. október til og með 30. apríl, hins vegar sumargjald sem gildir frá og með 1. maí til og með 30. september.

Aflgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir hverja melda afleiningu.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á afl og orku.

Afl er reiknað á ársgrundvelli og greiðir notandinn fyrir hæsta afltopp (kW) á árinu, óháð því hvenær hann mælist. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Lesið er á aflmæla tvisvar sinnum á ári, í lok janúar- og desembermánaðar.

VSH geta rofið eða látið rjúfa rafmagn samkvæmt taxta D.2 fyrirvaralaust þegar VSH telja það nauðsynlegt til þess að komast hjá því að greiða RARIK refsigjald fyrir afl umfram sölutopp VSH. Notendur rafmagns samkvæmt taxta D.2 geta keypt sig frá rofi gegn því að greiða refsigjald sem af notkuninni hlýst. Nánar er kveðið á um refsigjaldið (kr/kWh) í samrekstrarsamningi milli RARIK og VSH. Um lýsingartíma er samið sérstaklega við hvern notanda.

## 2.5 Heimtaugagjöld

Heimtaugagjald skal greitt fyrir hverja heimtaug sem tengir húsveitu við dreifikerfi VSH.

Heimtaugagjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá VSH.

Málstærð heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Hámarkstærð heimtaugar samkvæmt gjaldskrá er 1.200A. Óski notandi eftir stærri heimtaug er gerður um það sérstakur samningur.

Húseiganda ber að leggja, á minnst 50 sm dýpi, ídráttarrör frá lóðarmörkum að inntakstað heimtaugar samkvæmt samþykkttri afstöðumynd. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar að ósk hans í frosna jörð.

## E.1 Aðalheimtaugar

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

## E.2 Bráðabirgðaheimtaugar

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug.

Lengdargjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast fyrir hvern stólpa umfram einn frá lágspennukerfi VSH að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

## 2.6 Mælaleiga

VSH ákveða stærð og gerð mæli- og stjórnþækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr. gjaldskrár.

Óski notandi þess, leigja VSH honum mælitæki til annarra nota en að framan greinir. Ársleiga fyrir slík mælitæki greiðist samkvæmt B-hluta gjaldskrár, 3. gr.

Ársleiga fyrir önnur tæki en talin eru í B-hluta gjaldskrár, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun VSH. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

## 2.7 Álestrargjald

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt 2. gr. gjaldskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni á ári. Lesið er mánaðarlega á mælitæki samkvæmt taxa B.1.

Óski notandi þess að oftar sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

## 2.8 Innheimtugjald

Undirbúningur um stöðvun afhendingar á raforku vegna vanskila notanda, telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

## 2.9 Lokunargjald

Komi til stöðvunar afhendingar á raforku vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt grein 2.8.

3. gr.

## Gjöld fyrir heitt vatn og jarðgufu.

### 3.1 Notkun á heitu vatni eða jarðgufu.

Hitaveitutaxtar skiptast í tvo þætti, vatnsgjald og fast gjald.

Vatnsgjald (kr/m<sup>2</sup> húss á ári) greiðist fyrir hvern fermetra í samþykktu húsnæði. Sé um nýtt hús að ræða hefst innheimta vatnsgjalds þegar húsið hefur verið tengt hitaveitu VSH (við áhleyppingu). Ef hús er byggt í áföngum skal þó aðeins innheimt vatnsgjald fyrir áfanga sem tengdir hafa verið veitunni. Þegar um er að ræða viðbót

við eða stækkun á húsi, sem þegar hefur verið tengt hitaveitunni hefst innheimta vatnsgjalds af viðbótarrýminu 6 mánuðum frá dagsetningu byggingarleyfis fyrir viðbótinni. Dragist byggingarframkvæmdir á notandi rétt á frekari frestun gjalddöku vegna viðbótarrýmis þar til viðbótin er tengd veitunni og getur hann sótt skriflega um frestunina til eins árs í senn. Í öllum tilvikum skal notandi tafarlaust tilkynna VSH skriflega þegar viðbótarhúsnæði eða nýr áfangi, ef hús er byggt í áföngum, er tengt við veituna og hefst gjaldtakan frá og með dagsetningu tilkynningarinnar. Vanræki notandi það er VSH heimilt að krefja hann um vatnsgjald fyrir tímamann sem það var vanrækt að viðbættum leyfilegum dráttarvöxtum.

Nýr áfangi eða viðbót telst tengd veitunni ef áfanginn eða viðbótin nýtir varma frá henni með beinum hætti s.s. með ofnum eða blásurum, sem nýta heitt vatn. Sama gildir ef upphitun fer fram með óbeinum hætti s.s. ef opið er milli áfanga eða viðbótarinnar og annars hluta húsnæðisins, sem nýtir varma frá veitunni með beinum hætti.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan notkun, m.a. vegna eftirlits og viðhalds bakrennslisloka og útgáfu reikninga.

### **H.1 Almenn notkun.**

Taxti H.1 gildir fyrir alla almenna notkun heits vatns og jarðgufu.

### **H.2 Garðyrkjunotkun**

Taxti H.2 gildir fyrir notkun í gróðurhúsum garðyrkjustöðva.

### **3.2 Heimæðagjöld**

Heimæðagjald skal greitt fyrir hverja heimæð sem tengir húsveitu við dreifikerfi VSH.

Heimæðagjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá VSH.

Heimæðagjöld skiptast í tvo þætti, fast gjald og rúmmetragjald umfram lágmark.

#### **I.1 Heimæðagjöld**

Hús minni en 2.000 rúmmetrar að utanmáli.

Fast gjald skal greiða fyrir heimæð að húsi allt að 600 rúmmetrum að stærð og að auki rúmmetragjald fyrir hvern rúmmetra umfram 600.

#### **I.2 Heimæðagjöld**

Hús stærra en 2.000 rúmmetrar að utanmáli.

Fast gjald skal greiða fyrir heimæð að húsi sem er 2.000 rúmmetrar að stærð eða stærra og að auki rúmmetragjald fyrir hvern rúmmetra umfram 2.000.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

### **3.3 Innheimtugjald**

Undirbúningur um stöðvun afhendingar á heitu vatni eða jarðgufu vegna vanskila notanda, telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

**3.4 Lokunargjald**

Komi til stöðvunar afhendingar á heitu vatni eða jarðgufu, vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt gr. 3.3.

4. gr.

**Ýmis ákvæði.****4.1 Gjald dagar og eindagar**

Gjald dagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er annar dagur í næsta mánuði á eftir.

**4.2 Gjaldskrárbreytingar**

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við að tekjur VSH standi undir rekstri þeirra og aukningu veitukerfisins.

**4.3 Samþykki og staðfesting**

Gjaldskrá þessi, A hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis nr. 82, 22. febrúar 1993.

*Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1994.*

F. h. r.

**Árni Þ. Arnason.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Bjarmann.*

**AUGLÝSING****um frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga.**

1. gr.

Frítekjumark samkvæmt 1. og 2 mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 skal frá 1. júlí 1994 vera óbreytt frá því sem segir í reglugerð nr. 232/1993.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 117/1993 öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1994.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

\_\_\_\_\_  
*Dögg Pálsdóttir.*